



## Minnisblað

Tilv.: 1.841.243

5.6.2015

Sorpstöð Rangárvallasýslu  
Ágúst Ingi Ólafsson

Efni: Eftirlit með sig- og yfirborðsvatni í nágrenni sorpurðunarsvæðisins að Strönd, Rangárvallasýslu, þann 28. apríl 2015.

Þann 28. apríl 2015 annaðist Mannvit hf. reglubundna sýnatöku sigvatns úr grunnvatnsholum og yfirborðsvatns í nágrenni sorpurðunarsvæðisins að Strönd í Rangárvallasýslu. Vatnssýnin voru send til efnagreiningar hjá ALS Laboratory Group í Noregi. Í minnisblaðinu eru birtar niðurstöður mælinga úr ferðinni en einnig yfirlit um grunnvatnshæð og eiginleika grunnvatns og yfirborðsvatns frá því Mannvit tók við vöktun svæðisins, í ársbyrjun 2010. Aftast í minnisblaðinu er yfirlitsmynd, sem sýnir grunnvatnsholur á svæðinu og aðra sýnatökustaði ásamt hnitaskrá. Á myndinni eru einnig sýnd meðalhali og rennlistefna grunnvatns, tímabilið 1.9.2011 til 31.8.2012.

Við sýnatöku úr grunnvatnsholum hefur verið notuð dæla, sem afkastar tæpum 9 lítrum á mínútu. Dælan var látin ganga í um 10 mínútur á hverjum stað áður en sýni var safnað. Með því móti er leitast við að skola dælubúnað og endurnýja vatnið í hverri holu fyrir sýnatöku. Við undirbúning sýnatöku 28. apríl 2015 reyndist dælan sem notuð hefur verið fram til þessa ónýtt. Í stað hennar var útbúinn sýnataki úr plaströri (PP). Rörinu var slakað niður í holuna og vatn streymdi inn í það um einstefnuloka. Sýnatakinn var skolaður með vatni úr hverri holu fyrir sýnatöku. Sýni voru tekin ósíuð og kæld að kvöldi sýnatökudags. Ákvörðun um, hvaða eðlis- og efnaeiginleikar grunnvatns og yfirborðsvatns eru greindir byggir á nógildandi starfsleyfi stöðvarinnar, dagsettu 13. desember 2007.

Frá því rekstur svæðisins hófst hafa átta grunnvatnsholur, nefndar ST-1 til ST-8, verið gerðar til eftirlits með vatnafari og vatnsgæðum. Holur ST-1 til 4 eru ekki lengur notaðar við eftirlit. Holur ST-5 og ST-6 sunnan svæðisins eru stálfóðraðar holur með góðu vatnsdýpi og eru sýni tekin úr þeim í hverri vöktunarferð. Hóla ST-7 er nýrst á lóð sorpstöðvarinnar. Hún var boruð árið 2010 og er ný viðmiðunarhola, í stað holu ST-3, fyrir mat á gæðum grunnvatns áður en það streymir undir urðunarsvæðið. Auk þess gegnir hún mikilvægu hlutverki við að meta halla grunnvatnsborðs á svæðinu. Hóla ST-8 er við aðkomuveg að svæðinu, einnig boruð árið 2010. Tilgangur hennar er einkum að kanna halla grunnvatnsborðs í SA-NV stefnu, hornrétt á línu milli ST-6 og ST-7. Auk þess nýtist hóla ST-8 til eftirlits með gæðum grunnvatns.

Vatnsárið 2011/2012, þ.e. frá 1. september 2011 til 31. ágúst 2012, mældist meðalgrunnvatnshæðin 26,76 m y.s. í ST-6, 30,37 m y.s. í ST-7 og 27,86 m y.s. í ST-8. Meðalhali grunnvatnsborðs á svæðinu reiknast samkvæmt því 3,1 prómill og stefnan 232° eða eilítið vestar en suðvestur (225°). Samkvæmt þessum niðurstöðum eru holur ST-5 og ST-6 í jaðri afrennslis frá urðunarsvæðinu. Jafnframt leiðir niðurstaðan til þess, að ólíklegt megi teljast, að mengun berist frá urðunarsvæðinu til Strandarsíkis.

Þá eru þrjú gassöfnunarrör á svæðinu. Tvö eru frá fyrri tíð, GA-1a og GA-1b en GA-2 var sett í nóvember 2011. Gerðar voru greiningar á efnasamsetningu lofts úr þessum rörum árin 2011 og 2012.

## Niðurstöður sýnatöku í apríl 2015

### A. GRUNNVATNSHÆÐ, GRUNNVATNSHALLI OG STEFNA

Við sýnatöku þann 28. apríl 2015 mældist halli grunnvatnsborðs á svæðinu 3,4‰ og rennslisstefna 235°. Er þá miðað við augnabliksmælingu á grunnvatnshæð í holum ST-6, 7 og 8. Holur ST-5 og 6 eru samkvæmt þessu í stefnu afrennslis frá urðunarsvæðinu þennan dag.

Niðurstöður mælinga á grunnvatnshæð, allt frá árinu 2010, eru birtar á línuriti 1. „Grunnvatnshæð s“ eru sírituð gildi (lína) en „Grunnvatnshæð h“ eru handvirkar viðmiðunarmælingar (þríhyrningar), sami litur er á línu og þríhyrningum fyrir hverja mælistöð. Vatnsárin 2012/2013 og 2013/2014 (1.9. til 31.8.) var sveifla grunnvatnsborðs lítil samanborið við vatnsárin 2010/2011 og 2011/2012.

### B. EÐLIS- OG EFNAEIGINLEIKAR GRUNNVATNS OG YFIRBORÐSVATNS


Niðurstöður mælinga á efna- og eðliseiginleikum grunnvatns úr holum á svæðinu og yfirborðsvatns úr Strandarsíki eru tilgreindar í viðauka A, töflum A.1 til A.6. Ef litið er á eðlis- og efnaeiginleika grunnvatns í holum ST-7 og ST-8 sem náttúrulega, má draga eftirfarandi ályktanir um áhrif urðunarsvæðisins á grunnvatn:

- Vatnshiti hækkar og er um 3 til 6°C hærrí í holum ST-5 og 6 neðan urðunarsvæðisins en ofan við og til hliðar við það, í holum ST-7 og 8.
- Breytingar á sýrustigi eru óverulegar.
- Rafleiðni, litur og lykt aukast á leið grunnvatnins undir urðunarstaðinn.
- Styrkur nitrats og heildarstyrkur köfnunarefnis er markvert hærrí í holu ST-5 en ofan svæðis. Hugsanleg hækkun á sömu gildum er innan greiningarmarka í holu ST-6.
- Áhrif á styrk ammóníaks eru ekki merkjanleg við valin greiningarmörk.
- Vísbendingar eru um upptöku fosfórs þar sem styrkur uppleysts fosfats og heildarmagns fosfórs lækkar á leið grunnvatnsins undir urðunarstaðinn.
- Aukin súrefnisþörf er merkjanleg neðan urðunarsvæðisins, í holum ST-5 og 6.
- Vatn í Strandarsíki flokkast sem næringarefnafátækt með hliðsjón af heildarmagni köfnunarefnis og súfefnisþarfar en næringarefnaríkt m.t.t. uppleysts fosfats og heildarmagns fosfórs. Miðað við áætlaða rennslisstefnu grunnvatns og vísbendingar um upptöku fosfats á leið grunnvatnsins undir urðunarsvæðið, verður að teljast mjög ólíklegt að sigvatn frá urðunarsvæðinu valdi fosfatmengun í Strandarsíki.

Niðurstöður mælinga benda ekki til þess að sýnatökuaðferðin, sem notuð var þann 28.4.2015, hafi afgerandi áhrif á niðurstöðurnar. Sýnatakan var frábrugðin fyrri sýnatökum að því leiti, að vatn var tekið ofar í holum og ekki endurnýjað með dælingu.



MANNVIT



Línurit 1. Grunnvatnshæð í holum ST-6, ST-7 og ST-8 tímabilið 19. október 2010 til 28. apríl 2015.

# VIÐAUKI A – EÐLIS- OG EFNAEIGINLEIKAR GRUNNVATNS OG YFIRBORDSVATNS

Tafla A.1. Niðurstöður mælinga úr holu ST-5.

Strönd, Rangárvallasýslu, hola ST-5 (stál)		VATNS- HÆÐ	SÝNA- TAKA	LYKTAR- MAT	SJÓN-MAT	VATNS- HITI	SÝRU- STIG @25°C	RAF- LEIÐNI @25°C	NÍTRAT (NO <sub>3</sub> -N)	AMMÓN. (NH <sub>4</sub> -N)	N_TOTAL	UPPL. FOSFAT (PO <sub>4</sub> -P)	P_TOTAL	O <sub>2</sub> ÞÖRF (COD)
Dagsetning	Klukka	m y.s.	m y.s.	-	-	°C	pH	µS/cm	mg N/L	mg N/L	mg N/L	mg P/L	mg P/L	mg O <sub>2</sub> /L
28.4.2015	14:30	27,81	26,8	ógreinileg	ljósbrúnleitt	11,9	8,3	464	0,22	<0,020	0,19	<0,010	0,050	1,87
4.12.2014	13:00	26,65	21,4	óræðin	ljósbrúnleitt	11,4	8,3	490	0,64	<0,003	0,819	<0,001	<0,003	0,62
20.5.2014	13:10	26,87	21,4	lífræn,járn	gulbrún	14,7	8,3	430	0,29	0,005	0,384	0,003	<0,003	<0,50
17.12.2013	13:30	26,67	21,4	lífræn,járn	gulbrún	12,6	8,0	540	1,83	0,0730	1,92	<0,001	0,004	ekki mælt
16.7.2013	12:17	26,39	21,4	lífræn	ljósbrúnt	13,7	8,0	517	1,36	0,03	1,51	0,001	<0,003	1,04
8.1.2013	13:30	27,98	21,4	lyktarlaust	ljósbrúnt	12,1	8,1	589	4,19	<0,020	6,73	<0,010	<0,010	0,72
3.5.2012	15:45	27,98	25,4	lyktarlaust	ljósbrúnt	12,1	8,2	440	<0,060	<0,020	<0,10	<0,010	<0,010	0,82
14.11.2011	14:15	26,18	23,4	lífræn	brúnleitt	11,7	8,3	491	0,19	0,03	0,55	<0,010	0,094	1,04
6.4.2011	15:40	26,50	21,4	fúlt	brúnleitt	12,0	7,8	503	1	0,03	1,04	<0,010	<0,010	0,87
19.10.2010	11:45	25,92	22,3	lyktarlaust	brúnleitt	9,3	8,0	578	7,81	<0,020	12,7	<0,010	<0,010	0,99
24.2.2010	20:00	26,70		lyktarlaust	ryðlitað	14,4	8,5	352	<0,004	<0,04	<10	<0,002	0,08	2
<i>Meðaltal</i>		<i>26,88</i>	<i>22,6</i>	-	-	<i>12,4</i>	<i>8,2</i>	<i>490</i>	-	-	-	-	-	-

\*Lyktarmat 28.4.2015 gaf ekki niðurstöðu vegna vinds.

# VIÐAUKI A – EÐLIS- OG EFNAEIGINLEIKAR GRUNNVATNS OG YFIRBORDSVATNS

Tafla A.2. Niðurstöður mælinga úr holu ST-6.

Strönd, Rangárvallasýslu, hola ST-6 (stál)		VATNS- HÆÐ	SÝNA- TAKA	LYKTAR- MAT	SJÓN-MAT	VATNS- HITI	SÝRU- STIG @25°C	RAF- LEIÐNI @25°C	NÍTRAT (NO <sub>3</sub> -N)	AMMÓN. (NH <sub>4</sub> -N)	N_TOTAL	UPPL. FOSFAT (PO <sub>4</sub> -P)	P_TOTAL	O <sub>2</sub> ÞÖRF (COD)
Dagsetning	Klukka	m y.s.	m y.s.	-	-	°C	pH	µS/cm	mg N/L	mg N/L	mg N/L	mg P/L	mg P/L	mg O <sub>2</sub> /L
28.4.2015	14:50	27,47	26,5	ógreinileg	brúnleitt	8,7	8,4	308	<0,061	<0,020	<0,10	<0,010	0,040	1,08
4.12.2014	13:15	26,34	20,2	óræðin	gulbrúnt	8,6	8,1	430	4,72	<0,003	5,16	<0.001	0,006	<0,50
20.5.2014	13:40	26,53	20,2	lífræn, járn	gulbrúnt	10,9	8,4	270	0,179	<0,003	0,223	0,001	<0,003	<0,50
17.12.2013	13:45	26,42	20,2	lífræn, járn	gulbrúnt	9,0	8,3	400	3,12	0,0810	3,22	<0.001	<0.003	ekki mælt
16.7.2013	13:20	26,09	20,2	Lífræn	ljósbrúnt	9,4	8,0	541	6,19	0,027	6,52	0,007	0,007	1,01
8.1.2013	14:10	26,17	20,2	lyktarlaust	ljósbrúnleitt	9,4	8,2	388	3,75	<0,020	6,26	<0,010	<0,010	<0,50
3.5.2012	15:45	27,67	24,2	lyktarlaust	ljósbrúnleitt	9,6	8,3	331	<0,060	0,474	0,5	<0,010	0,012	0,56
14.11.2011	14:30	25,95	24,2	Lífræn	Brúnleitt	10,1	8,2	578	9,99	0,043	11,6	<0,010	0,063	1,11
6.4.2011	16:30	26,25	20,2	fúlt	brúnleitt	10,1	8,1	566	4,55	0,488	5,03	<0,010	<0,010	0,77
19.10.2010	12:45	25,64	22,2	lyktarlaust	brúnleitt	9,1	8,0	698	11,2	0,116	19,4	<0,010	<0,010	1,63
24.2.2010	17:35	26,42		lyktarlaust	ryðlitað	8	8,4	391	<0.004	0,8	<10	<0.002	0,1	3
<i>Meðaltal</i>		<i>26,45</i>	<i>21,8</i>	-	-	<i>9,4</i>	<i>8,2</i>	<i>446</i>	-	-	-	-	-	-

\*Lyktarmat 28.4.2015 gaf ekki niðurstöðu vegna vinds.

# VIÐAUKI A – EÐLIS- OG EFNAEIGINLEIKAR GRUNNVATNS OG YFIRBORDSVATNS

Tafla A.3. Niðurstöður mælinga úr holu ST-7.

Strönd, Rangárvallasýslu, hola ST-7 (PE)		VATNS- HÆÐ	SÝNA- TAKA	LYKTAR- MAT	SJÓN- MAT	VATNS- HITI	SÝRU- STIG @25°C	RAF- LEIÐNI @25°C	NÍTRAT (NO <sub>3</sub> -N)	AMMÓN. (NH <sub>4</sub> -N)	N_TOTAL	UPPL. FOSFAT (PO <sub>4</sub> -P)	P_TOTAL	O <sub>2</sub> ÞÖRF (COD)
Dagsetning	Klukka	m y.s.	m y.s.	-	-	°C	pH	µS/cm	mg N/L	mg N/L	mg N/L	mg P/L	mg P/L	mg O <sub>2</sub> /L
28.4.2015	13:45	31,27	30,3	lyktarlaust	tært	5,8	7,9	164	<0,061	<0,020	<0,10	0,045	0,062	0,87
4.12.2014	12:30	30,02	28,8	lyktarlaust	tært	4,9	8,0	200	0,047	<0,003	0,057	0,040	0,041	<0,50
20.5.2014	12:10	30,23	28,8	lyktarlaust	tært	9,6	8,4	180	0,033	<0,003	0,062	0,042	0,303	1,48
17.12.2013	12:50	29,86	28,3	lyktarlaust	tært	6,4	8,1	190	0,081	0,0150	0,098	0,062	0,364	ekki mælt
16.7.2013	13:40	29,80	28,3	lyktarlaust	tært	6,2	7,9	181	<0,007	0,007	0,142	0,041	0,457	1,11
8.1.2013	13:00	þurr	sandur											
3.5.2012	11:15	31,50	30,3	lyktarlaust	tært	5,6	8,0	165	<0,060	<0,020	<0,10	0,033	0,581	9,44
14.11.2011	11:30	29,28	29,1	Lyktarlaust	Tært	5,2	8,0	183	<0,060	<0,020	<0,10	0,128	0,314	2,67
6.4.2011	13:20	29,53	27,9	lyktarlaust	tært	5,5	8,0	191	<0,060	<0,020	<0,10	0,035	0,149	1,67
<i>Meðaltal</i>		<i>30,19</i>	<i>29,0</i>	-	-	<i>6,2</i>	<i>8,0</i>	<i>182</i>	-	-	-	<i>0,053</i>	<i>0,284</i>	<i>2,9</i>

# VIÐAUKI A – EÐLIS- OG EFNAEIGINLEIKAR GRUNNVATNS OG YFIRBORDSVATNS

Tafla A.4. Niðurstöður mælinga úr holu ST-8.

Strönd, Rangárvallasýslu, hola ST-8 (PE)		VATNS- HÆÐ	SÝNA- TAKA	LYKTAR- MAT	SJÓN- MAT	VATNS- HITI	SÝRU- STIG @25°C	RAF- LEIÐNI @25°C	NÍTRAT (NO <sub>3</sub> -N)	AMMÓN. (NH <sub>4</sub> -N)	N_TOTAL	UPPL. FOSFAT (PO <sub>4</sub> -P)	P_TOTAL	O <sub>2</sub> ÞÖRF (COD)
Dagsetning	Klukka	m y.s.	m y.s.	-	-	°C	pH	µS/cm	mg N/L	mg N/L	mg N/L	mg P/L	mg P/L	mg O <sub>2</sub> /L
28.4.2015	14:05	28,52	27,5	lyktarlaust	tært	6,1	7,8	168	<0,061	<0,020	<0,10	0,028	0,059	0,59
4.12.2014	11:50	27,49	23,0	lyktarlaust	tært	5,1	8,2	180	0,044	<0,003	0,059	0,052	0,060	<0,50
20.5.2014	12:40	27,64	23,0	lyktarlaust	tært	7,4	8,1	160	0,045	<0,003	0,079	0,059	0,059	<0,50
17.12.2013	12:10	27,56	23,0	lyktarlaust	tært	6,4	8,2	170	0,045	0,0160	0,067	0,066	0,067	ekki mælt
16.7.2013	14:16	27,23	23,0	lyktarlaust	tært	5,6	8,0	161	0,057	<0,0030	0,161	0,054	0,072	0,62
8.1.2013	15:00	27,48	21,5	lyktarlaust	tært	6,2	8,2	159	<0,060	<0,020	0,130	0,052	0,043	<0,50
3.5.2012	15:00	28,62	23,0	lyktarlaust	tært	5,5	8,0	167	0,125	<0,020	<0,10	0,055	0,048	<0,50
14.11.2011	13:30	27,22	21,0	lyktarlaust	tært	5,7	8,1	176	0,127	<0,020	0,140	<0,010	0,091	0,59
6.4.2011	12:30	27,47	23,0	lyktarlaust	tært	5,7	8,0	161	0,112 *	<0,020	<0,10 *	0,063	0,089	<0,50
<i>Meðaltal</i>		<i>27,69</i>	<i>23,1</i>	-	-	<i>6,0</i>	<i>8,1</i>	<i>167</i>	-	-	-	-	<i>0,065</i>	-

# VIÐAUKI A – EDLIS- OG EFNAEIGINLEIKAR GRUNNVATNS OG YFIRBORÐSVATNS

Tafla A.5. Niðurstöður mælinga úr holu Strandarsíki.

Strönd, Rangárvallasýslu, Strandarsíki		RENNSLI	SÝNA- TAKA	LYKTAR- MAT	SJÓN- MAT	VATNS- HITI	SÝRU- STIG @25°C	RAF- LEIÐNI @25°C	NÍTRAT (NO <sub>3</sub> -N)	AMMÓN. (NH <sub>4</sub> -N)	N_TOTAL	UPPL. FOSFAT (PO <sub>4</sub> -P)	P_TOTAL	O <sub>2</sub> ÞÖRF (COD)
Dagsetning	Klukka	m y.s.	m y.s.	-	-	°C	pH	µS/cm	mg N/L	mg N/L	mg N/L	mg P/L	mg P/L	mg O <sub>2</sub> /L
28.4.2015	15:40	-	yfirborð	lyktarlaust	tært	8,8	8,04	152	<0,061	<0,020 (II)	<0,10 (I)	0,022 (III)	0,046 (III)	0,84 (I)
4.12.2014	11:30	-	yfirborð	lyktarlaust	tært	2,1	8,0	180	0,069	<0,003 (I)	0,081 (I)	0,031 (III)	0,031 (III)	<0,50 (I)
20.5.2014	10:40	0,61	yfirborð	lyktarlaust	tært	10,6	8,2	180	0,038	<0,003 (I)	0,087 (I)	0,037 (III)	0,043 (III)	<0,50 (I)
17.12.2013	10:50	0,64	yfirborð	lyktarlaust	tært	3,4	7,8	190	0,112	<0.0030 (I)	0.118 (I)	0.037 (III)	0.048 (III)	ekki mælt
16.7.2013	10:30	0,49	yfirborð	lyktarlaust	tært	8,2	8,0	192	0,018	0.007 (I)	0.081 (I)	0.028(III)	0.029 (II)	0,78 (I)
8.1.2013	11:00	0,65	yfirborð	lyktarlaust	tært	5,1	8,2	166	<0,060	<0,020 (II)	<0,10 (I)	0.022 (III)	0.028 (II)	<0,50 (I)
3.5.2012	16:45	0,90	yfirborð	lyktarlaust	tært	11,1	8,0	134	<0,060	<0,020 (II)	<0,10 (I)	0.036 (III)	0.036 (II)	<0,50 (I)
14.11.2011	16:45	0,57	yfirborð	lyktarlaust	Tært	7,1	8,1	193	0,115	<0,020 (II)	0.15 (I)	<0,010 (I)	0.068 (III)	0,72 (I)
6.4.2011	18:45	0,84	yfirborð	lyktarlaust	tært	5,7	7,9	168	<0,060	<0,020 (II)	<0,10 (I)	0.03 (III)	0.018 (I)	<0,50 (I)
19.10.2010	15:00	0,48	yfirborð	lyktarlaust	tært	4,7	8,2	182	<0,060	<0,020 (II)	<0,10 (I)	0.028 (III)	0.035 (II)	<0,50 (I)
24.2.2010	15:00	-	yfirborð	lyktarlaust	tært	2,7	7,7	192	0,11	<0.04 (III)	<1 (III)	0.026 (III)	0.16 (I)	<2 (I)
<i>Meðaltal</i>		<i>0,65</i>	-	-	-	<i>6,3</i>	<i>8,0</i>	<i>175</i>	-	-	-	-	-	-

Rómverskar tölur í sviga tilgreina umhverfismörk skv. fylgiskjali með reglugerð 796/1999

Miðað er við umhverfismörk fyrir næringarefni og lífræn efni í vatni í ám.

Engin mörk tilgreind í reglugerð fyrir pH, rafleiðni og níturat.



# VIÐAUKI A – EÐLIS- OG EFNAEIGINLEIKAR GRUNNVATNS OG YFIRBORÐSVATNS

Tafla A.6. Niðurstöður mælinga úr „Pollí“, við suðurenda ræsis undir þjóðveg nr. 1.


Strönd, Rangárvallasýslu, Pollur við hringveg		VATNS- HÆÐ	SÝNA- TAKA	LYKTAR- MAT	SJÓN- MAT	VATNS- HITI	SÝRU- STIG @25°C	RAF- LEIÐNI @25°C	NÍTRAT (NO <sub>3</sub> -N)	AMMÓN. (NH <sub>4</sub> -N)	N_TOTAL	UPPL. FOSFAT (PO <sub>4</sub> -P)	P_TOTAL	O <sub>2</sub> ÞÖRF (COD)
Dagsetning	Klukka	m y.s.	m y.s.	-	-	°C	pH	µS/cm	mg N/L	mg N/L	mg N/L	mg P/L	mg P/L	mg O <sub>2</sub> /L
28.4.2015	11:00	þurr												
4.12.2014	10:30	þurr												
20.5.2014	10:30	þurr												
17.12.2013	10:40	þurr												
8.1.2013	11:00	þurr												
3.5.2012	16:30	~25,8	yfirborð	lyktarlaust	tært, slý	9,5	7,79	132	<0,060	<0,020 (II)	<0,10 (I)	<0,010 (I)	0,010 (I)	<0,50 (I)
14.11.2011		þurr												
6.4.2011		þurr												
19.10.2010	15:00	þurr												
<i>Meðaltal</i>		-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-

Rómverskar tölur í sviga tilgreina umhverfismörk skv. fylgiskjali með reglugerð 796/1999

Miðað er við umhverfismörk fyrir næringarefni og lífræn efni í vatni í ám.

Engin mörk tilgreind í reglugerð fyrir pH, rafleiðni og níturat.

# SORPSTÖÐ RANGÁRVALLASÝSLU SÝNATÖKUSTADIÐ



## HNITASKRÁ

NAFN	AUSTUR x (m)	NORÐUR Y (m)	LANDHÆÐ (m y.s.)	DÝPI (m)	ATH
ST-1	435260	367727		22	TÝND
ST-2	435457	367983		22	TÝND
ST-3	435513	367900	38,80	12	PLAST
ST-4	435008	367817	35,97	12	PLAST
ST-5	435009	367834	35,35	22	STÁL
ST-6	434929	367735	34,20	22	STÁL
ST-7	435757	368535	41,85	18	PLAST
ST-8	435689	367583	33,04	18	PLAST
POLLUR	434937	366826	24,4		
STRANDARSÍKI	435496	366173	21,8		

## GASSÖFNUNARRÖR

GA-1a	435367	367908		3,5	GAMALT
GA-1b	435379	367776			GAMALT
GA-2	435441	368060		4,0	sett 14.11.2011

HNITAKERFI: ISN93